

SVÓT greining

Tilgangur þessarar vinnulotu er að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í málaflokki starfshópsins. Styrkleikar og veikleikar eru þættir í innra umhverfi sveitarfélaganna – hlutir sem sveitarfélögin geta tekið ákvörðun um að breyta t.d. varðandi þjónustu, mönnun, reynslu, þekkingu og fleira. Ógnanir og tækifæri eru þættir í ytra umhverfi sveitarfélaganna og sveitarfélögin geta ekki breytt á auðveldan hátt, t.d. lög, reglur, atvinnuuppbygging, þjónusta ríkisins og fleira.

Hverjir eru helstu styrkleikar Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í málaflokknum?

Brjánslækjarhöfn – Nýr krani, ný smábátahöfn og sjóvarnargarður,ferjubryggja, nýr kanntur.

Bíldudalshöfn – Aðkoma fyrir stór skip í góðu standi, 180 m nýlegur stórskipakantur, gott dýpi. Staðsetning hafnarinnar varðandi kalknámur, fiskeldi og veðráttu mjög gott.

Patrekshöfn – Almenn ástand er ágætt, ný fingurbryggja og ný skemmtibátabryggja. Staðsetning góð varðandi sjávarútveg, fiskeldi og skemmtiferðaskip og höfnin er skjólgóð. Þvottaplan fyrir báta og góð aðstaða fyrir losun spilliefna á Patreksfirði.

Örlygshöfn

Rekstur hafnarsjóðs Vesturbyggðar er í góðu jafnvægi.

Tálknafjarðarhöfn – Staða hafnarinnar í ríkjandi vindáttum (NA) er mjög góð, nálægð við fiskimið, fiskeldi og seiðaeldisstöðvar. Helmingur hafnarinnar hefur verið endurnýjaður og þar er 100 m stórskipakantur. Þegar tilbúið deiliskipulag og lausar lóðir fyrir hafnsækna starfsemi.

Helstu niðurstöður: Hafnaraðstæður eru almennt góðar í sveitarfélögunum og hafnirnar hafa marga ólíka kosti sem mætti nýta á fjölbreyttan hátt.

Hverjir eru helstu veikleikar Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í málaflokknum?

Brjánslækur – Það frýs í höfninni, lagnaðarís stoppar á nýja garðinum og fyllir nýju höfnina. Vantar ramp og alla aðstöðu fyrir nútíma ferjur. Dreifikerfi rafveitna getur ekki stutt við aflþörf vegna orkuskipta í höfnum. Það vantar athafnasvæði til umskipunar fyrir tengivagna. Vegurinn og aðkoman að höfninni er algjörlega óásættanleg og þarf að endurhanna.

Bíldudalur – Gamli hluti flotbryggju er orðin lélegur, vantar legupláss fyrir litla og millistóra báta og dýpi vestan við flotbryggju orðið lítið. Stálpilið á gömlu bryggjunni (inni í króknum) ónýtt. Skortur á þvottaplani og iðnaðar og athafnalóðum fyrir hafnsækna starfsemi.

Patreksfjörður – Vantar stórskipahöfn til að geta tekið á móti farþegaskipum og auknum umsvifum í fiskeldi. Laga þarf súg í höfninni, þröng innsigling í höfnina fyrir stærri skip, ofanflóðavarnir á Patreksfirði gætu haft áhrif á öryggi hafnarinnar. Þarf að skipta út gömlu flotbryggjunni.

Tálknafjörður – Annar kanturinn þokkalegur en ytri kannturinn sem er 40. ára gamall er ónýtur. Lagnaðarís og þrengsli við oddann í innsiglingunni er takmarkandi þáttur. Langleguskip (draugaskip) sem ekki eru í rekstri taka upp legupláss og skila litlum tekjum.

Helstu niðurstöður: Óskýrar reglur um tekjuöflun hafna vegna fiskeldis setja hafnarsjóðina í Limbó. Regluverk ríkisins í kringum gjaldtöku er óásættanlegt og það þarf að skapa vissu um framtíðina.

Uppsöfnuð viðhaldsþörf á öllum höfnum og skortur á legurými. Árekstrar milli greina á hafnarsvæðinu vegna ólíkra þarfa. Langleguskip sem gefa litlar tekjur en teppa bryggjuna.

Hverjir eru helstu ógnanir Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í málaflokknum?

Umræður:

Brjánslækur – Fjárveitingar ríkisins til að byggja upp ferjubryggju og gera það almennilega.

Bíldudalur – Lítið pláss til að auka umsvif hafnarinnar t.d. með komu skemmtiferðaskipa og frekari uppbyggingu vegna aukinna umsvifa.

Patreksfjörður – Fjárveitingar í nýjan stórskipakant og takmarkaðir stækkunarmöguleikar á innri höfninni.

Tálknafjörður – Fjárveitingar til breytinga á viðlegukanti og endurbóta.

Helstu niðurstöður:

Helstu ógnanir svæðisins er skortur á framtíðarsýn ríkisins fyrir svæðið og fjárveitingar þess til uppbyggingar. Skortur á fyrirsjáanleika hjá fiskeldisfyrirtækjunum sem hamlar framkvæmdargetu sveitarfélaganna.

Stórar breytingar í ytra umhverfi sem geta skapað óvissu svo sem tekjustofnar í fiskeldi, kvótinn getur farið, slátrun og vinnsla getur farið, regluverkið í kringum laxeldið, andstaða við laxeldi, vöruflutningar af svæðinu, sjúkdómar og aðstæður til fiskeldis.

Núverandi lög og reglugerðir tengdar höfnum, sjávarútvegi og fiskeldi.

Hverjir eru helstu tækifæri Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í málaflokknum?

Brjánslækur – Tækifæri fyrir ferðaþjónustu með bættri aðstöðu fyrir skemmtibáta og ferjusiglingar.

Bíldudalur – Uppbygging hafnarsvæðisins til að mæta þörfum fiskeldis og iðnaðar, svo sem gámaflutningar.

Patreksfjörður – Stórskipakantur fyrir skemmtiferðaskip og stærri fiskiskip til löndunar. Löndunarþjónusta auka þjónustu og tryggja samkeppnishæfan flutninga.

Tálknafjörður - Fiskiskip til löndunar, byggingarland nægilegt fyrir hafnsækna starfsemi og tækifæri til framtíðar uppbyggingar. Framtíðar móttökustaður fyrir seglskútur.

Helstu niðurstöður:

Það felst mikið tækifæri í sameiningu sveitarfélaganna því þau geta skapað heildstæða framtíðarsýn fyrir allar hafnirnar sem framtíðaruppbygging og markaðssetning svæðisins getur byggst á.

Staðsetning hafna og nálægð við siglingaleiðir og sjótengda atvinnustarfsemi er einstök. Það þarf að markaðssetja svæðið til að fá fleiri strandveiðibáta og vertíðarbáta, fleiri skemmtiferðaskip og skútur og skapa fleiri tækifæri í sjávarútvegi og fiskeldi og tengdum greinum.

Það felast tækifæri í breytingum á lögum og reglugerðum sem tryggja sveitarfélögum herra hlutfall af tekjum hafnsækinnar starfsemi. Samvinna ríkisins, sveitarfélagsins og fyrirtækjanna á svæðinu og fjárveitingar til nauðsynlegra og fjárfrekra uppbyggingarverkefna.

Bætt umgengni og aðgengi að höfnunum tryggja öryggi notenda og gera hafnirnar að eftirsóknarverðum viðkomustað.

Nýtum tækifærið og verum í góðum samskiptum við fyrirtækin á svæðinu varandi starfsemina og öryggismál, svo sem með dráttarbát.

Framtíðarsýn í málaflokknum

Hver er framtíðarsýn í málaflokknum?

Forgangsröðun verkefna við framtíðarsýn

- | |
|--|
| <ol style="list-style-type: none">1. Sátt um laxeldið – tekjustofnar, laxaslátrun, tekjur óháð löndunarhöfn2. Stórskipahöfn3. Tálknafjarðarhöfn uppbygging4. Rannsóknar og þekkingarsetur og ný og fjölbreytt störf5. Skynsöm þróun skemmtiferðaskipa6. Bíldudalur legubryggja við nýja hótelið7. Brjánslækjarhöfn – fiskiskipahöfn allt árið og glæsileg aðstaða fyrir ferðamenn og litla skemmtibáta8. Aðstaða til að þrifa báta – lítill slippur uppfyllir umhverfiskröfur9. Góðar smábátahafnir í öllum sveitarfélögum |
|--|